

Ferðafélag Fjarðamanna

Ferðadagskrá og fréttabréf 2017

1. tbl. 21. árg. Apríl 2017 Ábyrgðarm. Sigurborg Hákonard. og Laufey Þ. Sveinsd.

GEYMIÐ
ÞETTA EINTAK

Slagorð félagsins er
„Eitthvað fyrir alla
og allir með“

Allir eru hjartanlega
velkomnir í ferðir!



Skáli félagsins er á Karlsstöðum í Vöðlavík

Pantanir á gistingu eru hjáínu í gsm 894-5477.

Í skálanum er góð gistiáðstada, rúmgóður matsalur, góður borðbúnaður og eldað er á gasi. Vatnssalerni og sturta eru í sér húsi við hlið skálans. Stórt kolagrill og góður sólpallur er við skálann. Sjálfbóðaliðar óskast til skálavörslu og gefur Lulla upplýsingar í síma 863-3623.

Sækjum orku og skemmtun
í útivist og góðan félagsskap



Ekkert gjald er í ferðir félagsins nema annað sé tekið fram.

Ferðadagskrá 2017

14. apríl Skíðaganga (föstudagurinn langi)

Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson.

Stutt lýsing: Þfslarganga á skíðum.

Vonandi verður nægur snjór!! Ræðst af snjóalögum hvar gengið verður.

Nánar auglýst á heimasíðu er nær dregur.

16. apríl Hátíðarganga út í Páskahelli í Norðfirði (páskadagur)



Mæting: kl 6 við Norðfjarðarvita á Bakkabökkum.

Fararstjóri: Ína Gísladóttir.

Stutt lýsing: Mun sólin dansa þessa páska ?

Upprifjun á sögnum.

16. apríl Grænafell (páskadagur)



Mæting: kl. 10 við Geithúsargil.

Fararstjórar: Róbert Beck og Fríða Björk.

Stutt lýsing: Fjölskylduganga á Grænafell í Reyðarfirði þar sem páskaeggjöld er opnað.

29. apríl Bæjarrölt í Neskaupstað



Mæting: kl. 10 á bílplani við minningarreitinn á Urðarteig.

Fararstjóri: Smári Geirsson.

Stutt lýsing: „Bæjarrölt“, blandað saman fróðleik, léttri göngu og skemmtun. Gengið eftir ströndinni.

6. maí Fuglatalning og fuglaskoðun á leirum



Reyðarfjarðar og Norðfjarðar

Mæting: kl. 17 við Leiruna í Norðfirði og kl. 18 við Andapollinn á Reyðarfirði.

Stutt lýsing: Samvinnuferð með Náttúrustofu Austurlands. Sérfræðingar stjórna talningu og koma með „fuglaskóp“ fyrir þátttakendur.

20. maí Höfðahús - Hafranes



Mæting: kl. 10 við Höfðahús í Fáskrúðsfirði.

Fararstjóri: Magnús Stefánsson.

Stutt lýsing: Gengið frá Höfðahúsum á Grákoll og síðan yfir Hrossadalsskarð að Hafranesi í Reyðarfirði.

27. maí Flesjará - Borgarhóll



Mæting: kl. 10 við Borgarhól við Litlu - Breiðuvík í Reyðarfirði.

Fararstjóri : Sævar Guðjónsson.

Stutt lýsing: Gengið frá Flesjará að Borgarhól.

Upphitun fyrir gönguviku

17. júní Grákollur í Reyðarfirði



Mæting: kl. 10 við Hrafná (skammt innan við Útstekk í Helgustaðahreppi).

Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson.

Stutt lýsing: Gengið upp með Hrafná eftir Eydalafjalli á Grákoll. (771m).

18. júní Lollinn í Norðfirði



Mæting: kl. 10 við Grænanes.

Fararstjóri: Laufey Þóra Sveinsdóttir.

Stutt lýsing: Gengið á Lollann (473m).

24. júní - 1. júlí Á fætur í Fjarðabyggð Göngu- og gleðivika fyrir alla fjölskylduna.

Dagská vikunnar verður borin út í öll heimili í Fjarðabyggð.

8. júlí Gamli vegurinn yfir Fagradal genginn



Mæting: kl. 10 við Neðstu brú á Fagradal.

Fararstjóri: Einar Þorvarðarson.

Stutt lýsing: Gengið eftir gamla þjóðveginum um Fagradal.

9. júlí Krakkadagur með Kolfinnu



Mæting: kl. 10 á bílastæði á Hólmahálsi.

Stutt lýsing: Skemmtidagur með Kolfinnu Þorfinnsdóttur, gengið í Hólmanesið.

15. júlí Ferðin fyrir þá sem aldrei hafa gengið á fjöll



Mæting: kl. 10 ofan við hesthúsin í Neskaupstað. (við athafnasvæði SVN) Fararstjórar: Sibba og Bjarni.

Stutt lýsing: Gengið í Sultarbotna.

22. júlí Hringur um Karlsskáladal



Mæting: kl. 10 við afleggjarann til Vöðlavíkur.

Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson.

Stutt lýsing: Gengið með brúnnum dalsins að Snæfugli og horft yfir Valahjalla, þaðan í Karlsskálaskarð og áfram haldið að Hestshaus og gengið upp að efsta klettabelti.

29. júlí Hnjúkurinn milli skarðanna



Mæting: kl. 10 við gangnamunna Fáskrúðsfjarðarganga í Reyðarfirði.

Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson.

Stutt lýsing: Gengið upp Hrutadal og á Hádegistind (1037m).

5. ágúst Neistaflugsganga á Nípukoll



Mæting: við Norðfjarðarvita kl. 10. Fararstjórar: Benti

og Jóna Kata.

13. ágúst Vindfell, Eyrarskarð, Kumlafell



Sameiginleg ferð með göngufélagi Suðurfjarða.

Mæting kl. 9 við Eyri í Fáskrúðsfirði.

Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson.

Stutt lýsing: Gengið frá Fáskrúðsfirði til Stöðvarfjarðar um Eyrarskarð með viðkomu á Vindfelli (786 m) og Kumlafelli (943 m).

19. ágúst Örnólfsfjall



Mæting: kl. 10 við Gilsá í norðanverðum Fáskrúðsfirði.

Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson.

Stutt lýsing: Gengið upp með Gilsá á Örnólfsfjall (875m).

26. ágúst Miðstrandarskarð til Mjóafjarðar



Sameiginleg ferð með Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs.

Mæting: kl. 10 við minningarreitinn við Urðarteig í Neskaupstað.

Fararstjórar: Hörður Erlendsson og Guðrún Ásgeirsdóttir.

Stutt lýsing: Gengið upp í Miðstrandarskarð og þaðan niður Gilsárdal að Reykjum í Mjóafirði, farið með bát til baka til Norðfjarðar. Bókun í ferð á heimasíðu Ferðafélags Fljótsdalshéraðs www.ferdaf.is eigi síðar en á fimmtudag fyrir ferð. Verð kr. 4.000. Lágmarksfjöldi 12.

Nánari uppl. í síma 864 7694 og 867 7465.

2. september Áreyjartindur



Mæting: kl. 10 við Áreyjar í Reyðarfirði.

Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson.

Stutt lýsing: Gengið á Áreyjartind. (971m).

9. september Skúmhöttur



Mæting: kl. 10 við Karlsstaði í Vöðlavík.

Stutt lýsing: Gengið frá Vöðlum upp í Tregadal og þaðan á Skúmhött 881m. Fyrri hluti leiðarinnar er fallegur og auðveldur til göngu, möguleiki er að fara einungis upp í Tregadal. Einnig er gaman að gista í skála félagsins að Karlsstöðum og nota aðstöðuna til að setjast niður, borða nestið og njóta samveru þar.

Hjólaferð

Dagsetning og fyrirkomulag ákveðið síðar,
auglýst á heimasíðu félagsins www.ferdafelag.is.

Munið að geyma ferðadagskrána!
Sækjum kraft og gleði í móður náttúru

Allir göngumenn eru á eigin
ábyrgð í ferðum okkar.
Athygli er vakin á, að fólk
kanni sínar fjölskyldu- og
fritímatryggingar.

Fréttamolar

Stjórn félagsins skipa: formaður: Laufey Þóra Sveinsdóttir, varaformaður: Sigurborg Hákonardóttir, ritari: Snorri Styrkársson, gjaldkeri: Árni Páll Ragnarsson og meðstjórnandi: Kristín Ágústsdóttir

Ferðafélag fjarðamanna var stofnað 1996. Að stofnun þess stóðu útivistaráhugamenn á Reyðarfirði, Eskifirði og í Neskaupstað og flestir félaganna eru frá þessum stöðum. Nú eru félagsmenn 107.

Ferðadagskrá félagsins 2016 innihélt 20 viðburði á tímabilinu frá páskum og fram í miðjan september. Nokkur atriði hafa verið árviss. Það eru skíðaganga á föstudaginn langa, ganga í Páskahelli í Norðfirði klukkan 6 á páskadagsmorgun og fjölskylduganga á Grænafell í Reyðarfirði sömuleiðis á páskadag. Fuglaskoðun er í maíbyrjun, þegar flestir farfluglar eru komnir og síðan er hjólaferð að hausti.

Í nágrenni við okkur eru Ferðafélag Fljótsdalshéraðs og Göngufélag Suðurfjarða sem starfar á Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og í Breiðdal. Undanfarin ár höfum við verið með sameiginlegar ferðir með þessum félögum. Í sumar var ferð á Hallberutind, sameiginleg með Suðurfirðingum og á Dyrfjöll með Héraðsbúum. Sameiginleg ferð allra félaganna sem átti að vera yfir Berufjarðarskarð féll niður vegna veðurs. Aðrar ferðir á dagskránni voru farnar, misfjölmennar.

Gönguvika í Fjarðabyggð í kringum sólstöður er nú orðin árviss. Ferðafélagið á aðild að henni, ásamt sveitarfélaginu og ferðapjónustuaðilum. Í 8 daga er skipuleg dagskrá, erfið ganga og önnur létt alla dagana og kvöldvaka öll kvöldin, þeim er skipt niður á þéttbýlisstaðina 6 í Fjarðabyggð. Góð þátttaka hefur verið í viðburðum gönguvikunnar.

Félagið rekur gistiskála, á Karlsstöðum í Vöðlavík. Hann er vel útbúinn og þar er prýðis aðstaða fyrir fólk að dvelja og hægt að fara hvort sem menn vilja í léttar gönguferðir um Víkina eða klífa næstu fjöll. Ekkert GSM samband er á Karlsstöðum, sem sumum þykir kostur. Á árinu var sett upp TETRA stöð í skálann til öryggis ef nauðsynlega þarf að ná sambandi við umheiminn.

Heimasíða Ferðafélags fjarðamanna er www.ferdafelag.is. Þar eru myndir úr ferðum félagsins, upplýsingar um skálann á Karlsstöðum, útgefið gönguleiðakort af félagssvæðinu, upplýsingar um leikina Fjarðabyggðafلاك og Fjallagarpar og ýmislegt fleira.

Það er ósk okkar að þið sem þetta lesið eigið eftir að njóta þess að taka þátt í gönguferðum og öðru því sem Ferðafélag fjarðamanna hefur upp á að bjóða.

Stjórnin

Hipp, hipp húrra!

Gönguvikan 10 ára

Ferðafélag fjarðamanna, ferðaþjónustan Mjóeyri og Fjarðabyggð unnu saman að stofnun göngu- og gleðivikunnar "Á fætur í Fjarðabyggð" árið 2008 og því fagnar hún 10 ára afmæli nú á komandi sumri. Framkvöðullinn að gönguvikuhugmyndinni var Sævar Guðjónsson og fékk hann ferðafélagið og Fjarðabyggð í samstarf við sig um þessa frábæru hugmynd og hefur þetta trío starfað saman síðan. Ákveðið var að hafa léttar og erfðar göngur og afþreyingu við allra hæfi í vikunni og náttúruskóla fyrir börnin. Hugmyndin að vikunni fæddist í kringum áskorunina að taka þátt fjallagarpaleikum "Fjöllin 5 í Fjarðabyggð" og ganga á þau fimm daga í röð og það ætlum við að endurtaka nú í sumar.

Ýmislegt hefur verið brallað á þessum 10 árum eins og: gengið á alla helstu og hæstu fjallatoppa í Fjarðabyggð, spilað á toppi Svartafjalls, sjóræningjakvöldvökur, grillað á hinum ýmsum furðuströndum, árlega siglt á Barðsnes, kvöldvökur verið haldnar um alla Fjarðabyggð, sólstöðugöngur, gengið um söguslóðir, ýmsir hafa spilað og sungið fyrir okkur úti í náttúrunni og rúsinan í pylsuendanum er fjölskyldudagur í Vöðlavík á lokadegi vikunnar.

Við skorum á ykkur lesendur góðir að taka þátt í þessari skemmtilegu dagskrá sem er við allra hæfi og ekki skemmir það að þeir sem fara á „fjöllin 5“ uppskera að lokum titilinn Fjallagarpur Fjarðabyggðar og fá sérmerкта vörðu í verðlaun.

Eins og áður verður nákvæm dagskrá vikunnar borin í hvert hús í Fjarðabyggð.

Flestar myndirnar sem eru í fréttabréfinu eru teknar í fyrstu gönguvikunni árið 2008. Myndasmiðir eru Kristinn Þorsteinsson og Ina D Gísladóttir.



Goðaborg



Hádegisfjall



Hólmatindur



Kistufell



Svartafjall



GEYMIÐ
ÞETTA EINTAK



Aðalfundur Ferðafélags Fjarðamanna

verður haldinn í húsi Björgunarsveitarinnar á Eskifirði
fimmtudaginn 20. apríl kl. 20:00.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kaffiveitingar.

Myndasýning.

Stjórnin

Heimasíða félagsins er

www.ferdafelag.is

Tölvupóstfang: ffau@simnet.is

Allar ferðir eru auglýstar í Dagskránni.